

Hulda Kristjánsdóttir

From: Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>
Sent: þriðjudagur, 18. febrúar 2025 13:01
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: FW: Óverulega breyting á aðalskipulagi Flóahrepps vegna breyttrar legu frístundabyggðar - Hvítárbyggð

Sæl vertu Hulda, hér eru drög af ítarlegri rökstuðning vegna Hvítárbyggðar.

Skipulagsstofnun afgreiddi beiðni um óverulega breytingu á aðalskipulagi með eftirfarandi athugasemdum og gat á þeim grunni ekki fallist á að breytingin sé óveruleg.

- Í skipulagstillögu þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum stefnunnar. Þar sem leita þarf umsagnar Náttúruverndarstofnunar um gerð verulegra breytinga á aðalskipulagi sbr. 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þarf að gera grein fyrir forsendum þess að afmarka frístundabyggðina með þessum hætti á svæði sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- Leita þarf umsagnar annarra stofnana sem fara með þá málaflokka sem breytingin varðar þ.m.t. Umhverfis- og orkustofnunar og Veðurstofu Íslands auk Minjastofnunar. Einnig þarf að leita umsagnar aðliggjandi sveitarfélaga.
- Reiðleið liggur meðfram ánni og innan svæðisins sem breytingin nær til og því þarf að leita umsagnar hestamannafélags.

Hér fyrir neðan eru drög af ítarlegri rökstuðning vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

- Í skipulagstillögu þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum stefnunnar. Þar sem leita þarf umsagnar Náttúruverndarstofnunar um gerð verulegra breytinga á aðalskipulagi sbr. 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þarf að gera grein fyrir forsendum þess að afmarka frístundabyggðina með þessum hætti á svæði sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd.
 - Það landsvæði sem skipulagsbreytingin tekur til er allt sama landgerðin. Það svæði sem núverandi afmörkun frístundasvæðis tekur til er hraun sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61.gr. laga um náttúruvernd og það svæði sem breytingin nær til er hraun sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61.gr. laga um náttúruvernd. Með tilfærslu landnotkunarreitsins, án þess þó að umfang hans aukist, eru áhrif landnotkunar færð til innan sömu landgerðar og sömu lóðar. Sá hluti sem gert er ráð fyrir að eigi að vera undir frístundabyggð samkvæmt núverandi stefnumörkun aðalskipulags er því verndaður á meðan annar hluti sömu landgerðar, innan sama lands, er skilgreindur nær svæði sem er nú þegar raskað umtalsvert með efnistökusvæði. Sé vistgerðarkort Ní skoðað má sjá að vistgerð svæðisins er öll sú sama og er verndargildi vistgerðarinnar metið lágt <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/mosamoavist>. Auk þess er landnotkun færð fjær sameiginlegum landamerkjum án þess að aðkomu að landinu sé breytt. Að mínu mati hefur tilfærsla landnotkunarinnar því sannarlega óveruleg og jafnvel jákvæð áhrif á svæðið í heild sinni.
- Leita þarf umsagnar annarra stofnana sem fara með þá málaflokka sem breytingin varðar þ.m.t. Umhverfis- og orkustofnunar og Veðurstofu Íslands auk Minjastofnunar. Einnig þarf að leita umsagnar aðliggjandi sveitarfélaga.
 - Skilgreining frístundasvæðis á svæðinu fór í gegnum viðeigandi skipulagsferli við gerð aðalskipulags Flóahrepps þar sem leitað var umsagna og athugasemda viðeigandi stofnana við skilgreiningu núverandi frístundasvæðis. Leitað var umsagnar við skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar þar sem einnig var gert ráð fyrir 20 ha verzlunar- og þjónustusvæði innan tillögunnar. Fallið hefur verið frá þeirri skilgreiningu í óverulegri breytingu með það að markmiði að minnka umfang málsins. Þrátt fyrir að einnig væri gert ráð fyrir verzlunar- og þjónustusvæði innan lýsingar bárust óverulega athugasemdir og ábendingar við málið, m.a. að hálfu

Umhverfisstofnunar þar sem bent var á umfjöllun er varðar vatnamál væri ábótavant. Eftir að fallið hefur verið frá skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæðis er ljóst að áhrif breyttrar legu skilgreinds frístundasvæðis hefur ekki áhrif á áhrif á vatnshlot umfram núverandi skilgreiningu innan aðalskipulags, reyndar er svæðið fært lengra frá vatnsbóli sem er í notkun og ættu áhrifin því frekar að vera jákvæð. Engar aðrar verulega athugasemdir voru gerðar við skipulagslýsingu að hálfu umsagnaraðila. Fyrir liggur mat á flóðum úr Hvítá og er svæðið ekki á hættusvæði vegna flóða samkvæmt því mati, hvorki núverandi frístundasvæði né breytt lega svæðisins. Auk þess liggur fyrir að nauðsynlegt er að vinna deiliskipulagsáætlun sem tekur til framkvæmdaheimilda innan landsins. Innan umsagnar- og athugasemdaferils deiliskipulag verður leitað umsagna til allra hlutaðeigandi umsagnaraðila sem geta tekið ítarlegri afstöðu til framkvæmda og almennra skipulagsforsendna innan svæðisins sem Skipulagsstofnun vísar til í afgreiðslu sinni.

- *Reiðleið liggur meðfram ánni og innan svæðisins sem breytingin nær til og því þarf að leita umsagnar hestamannafélags.*
 - o Með óverulegri breytingu á aðalskipulagi stendur ekki til að skerða reiðleið með neinum hætti. Nánar verður fjallað um reiðleið um svæðið innan deiliskipulags

Bestu kveðjur,
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Hverabraut 6
840 Laugarvatn
Sími: 4805550

www.utu.is

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/>

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í [pósthólfinu þínu á island.is](http://pósthólfinu.þínu.island.is) (mínar síður)

[Náðu þér í island.is](http://Náðu.þér.island.is) – appið

Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

**Fylgstu með
pósthólfinu þínu**

Náðu þér í island.is appið í símann

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í
pósthólfinu þínu á island.is (Mínar síður)